

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri		
Útgáfa: 08			
Dags.: 30.08.2011	Áfangaheiti BÝX 102		
Höfundur: HRS	Kennsluáætlun vorönn 2013		
Samþykkt: SHJ			
Síða 1 af 1			

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir öryggisbúnað, m.a. loftpúða og beltastrekkjara og þægindabúnað í ökutækjum sem jafnframt er staðalbúnaður. Búnaðurinn skoðaður í ökutækjum með tilvísun í upplýsingar framleiðenda. Nemendur velja sér búnað sem þeir gera sérstaka grein fyrir í verkefni. Kynning á rafsbúnaði sem knýr ökutæki og vinnutæki (t.d. vörulyftara). Áhersla á snyrtilega umgengni um ökutæki sem eru til viðgerðar og hvaða afleiðingar yfirsjónir viðgerðamanna geta haft á þeirra eigin öryggi í vinnu við öryggisbúnað, akstursöryggi og viðgerðakostnað. Sérstök áhersla er lögð á hættur af umgengni við öryggis- og verndarbúnað með sprengihleðslu, s.s. púða í stýri, mælaborði og í hliðum farþegarymís og öryggisbeltum. Farið er yfir virkni loftfrískunarkerfa (AC) og sérstaka mengunarhættu af kælimiðli þessara kerfa (reglugerð 834/2010).

Markmið:

Nemandi þekki: Kröfur um öryggisbúnað í reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Hættur sem stafa af rangri umgengni um öryggisbúnað.

Nemandi geti: Lyst virkni eftirtalins búnaðar: höggvorum, öryggisbeltum, loftpúðum, hljómflutningstækjum, barnastólum, samlæsingum, rafknúnum rúðuvindum, þjófafálum, rafhituðum rúðum og útispeglum, rafstilltum útispeglum, mælum og gaumljósum, mælaborðslýsingu, innilýsingu, ræsihindrun í sjálfskiptingu og öðrum ræsihindrunum. Skoðað og prófað öryggisbúnað. Gert við öryggisbúnað innan þeirra marka sem framleiðendur ætla almennum viðgerðamönnum.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

Reglugerð 834/2010.

Upplýsingar framleiðenda um þær bifreiðar semunnið er við.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um hin ýmsu öryggis og þægindakerfi nútíma ökutækja. Þeir vinna eitt heimaverkefni í lotunni auch þess að vinna verkleg verkefni og lokapróf verður þreytt. Skiladagur fyrir heimaverkefni er 01.03.2013. Hafi verkefni ekki borist fyrir klukkan 17 á skiladagi í Fjölnisgötu 6a dregst 1 af einkunn verkefnisins fyrir hvern hafin sólahring. Til að verkefnin gildi til lokaeinkunnar verða nemendur að ná að lágmarki 50% árangri á lokaprófi.

Verkefni:

Verkleg verkefni, heimaverkefni og lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:


Bókleg verkefni og Próf 40%. Werkleg verkefni með skýrslu 40%. Mat 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn mat byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig end að í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 04/01/2013


Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils